



Mat á námi og vellíðan barna: Lærdómur af samstarfsrannsókn í fimm leikskólum

Kristín Karlsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Grein þessi fjallar um samstarfsrannsókn (e. collaborative action research) sem unnin var í samstarfi RannUng (Rannsóknarstofu í menntunarfræði ungra barna) og fimm leikskólaísveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Markmið þessarar samstarfsrannsóknar var að þróa leiðir til að meta nám og vellíðan barna í þáttökuleikskólunum, í samræmi við áherslur í *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Tilgangurinn var að leikskólakennarar og leiðbeinendur í leikskólunum þróuðu matsaðferðir sem jafnframt endurspegluðu þau viðhorf til náms sem byggt er á í leikskólastarfinu. Rannsóknin var skipulögð með samstarfsrannsóknarsniði, þar sem þátttakendur í hverjum leikskóla völdu og mótuðu matsaðferðir út frá meginmarkmiðum leikskólastarfsins í samstarfi við háskólakennara og meistaranema frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem studdu við ferlið og héldu utan um rannsóknir og kynningu á verkefninu. Niðurstöður leiddu í ljós að mismæmi var á viðhorfum þátttakenda til náms og þeirra matsaðferða sem stuðst var við í leikskólunum. Megináhersla í leikskólastarfinu var á félagsfærni, vellíðan og sköpun barna en við *mat á námi* hafði verið lögð áhersla á að meta þroskaþætti svo sem varðandi málþroska og hljóðkerfisvitund. Í ljósi þess að aðstæður í leikskólunum voru misjafnar og þær leiðir sem þátttakendur völdu til að ná markmiðum í hverjum leikskóla voru ólíkar má segja að lærdómur í hverjum leikskóla beri þess merki. Í öllum leikskólunum mátti greina viðhorfsbreytingu hjá leikskólakennurum en sérstaklega hjá leiðbeinendum. Breytingin birtist í að með því að skrá það sem fram fór beindu leikskólakennarar og leiðbeinendur athygli sinni meira að áhuga barnanna og sjónarmið þeirra urðu sýnilegri í leikskólastarfinu. Þróun skráninga sem nýta mátti í mati á námi og vellíðan barna komst vel á veg í nokkrum leikskólanna. Mikilvægur þáttur námssöguskráninga felst í ígrundun, en þann þátt hefðu flestir þátttakendur í þessari rannsókn mátt þróa betur. Tveir leikskólanna nýttu stafræna tækni meira en aðrir og þátttakendur í þeim leikskólum létu vel af því. Ekki virtist þó sem tæknin veitti meira svigrúm til ígrundunar. Skráningarnar voru gjarnan, en þó mismikið, nýttar til breytinga með það að markmiði að styðja betur við áhuga, nám og styrkleika barna, en þær reyndust sjaldan nýttar til ígrundunar með börnunum.

Efnisorð: Leikskólastarf, *mat á námi* og vellíðan, námssögur, þátttaka, samstarfsrannsókn

Inngangur

Um árabil hefur átt sér stað umræða um gildi leikskólamenntunar barna og í gegnum tíðina hefur ýmsum aðferðum verið beitt til þess að sýna fram á hvaða aðstæður og aðferðir eru líklegastar til að styðja við nám og þroska barna. Á undanförunum árum hafa fræðimenn og leikskólakennarar tjáð ólík sjónarmið, ekki eingöngu varðandi þann aðbúnað sem börnum er boðinn, heldur einnig hvernig megi staðfesta gildi leikskólagöngunnar fyrir börn.

Mat á leikskólastarfi og námi barna hefur fengið ólíka birtingarmynd í námskrám og starfsaðferðum sem snúa að börnum á leikskólaaldri. Í hefðbundnu námsmati í leikskólum (e. traditional assessment) er lögð áhersla á það sem leikskólakennarar telja rétt og mikilvægt að börn læri og metið er hvað börn geta gert ein, án aðstoðar annarra. Þannig námsmat felst til dæmis í að meta börn með aðstoð staðlaðra matslista og talað er um að leggja próf fyrir börn svo sýna megi fram á nám þeirra með óyggjandi hætti. Hefðbundið námsmat hefur verið gagnrýnt fyrir að það leiði oft til þess að leikskólakennarar og foreldrar nýti það til þess að bera saman getu barna og það geti í kjölfarið leitt til samkeppni milli barna og leikskóla um hver stendur sig best (Brooker, 2008; Carr, 2014).

Próaðar hafa verið matsaðferðir sem leggja meiri áherslu á aðkomu barna að mati á eigin námi, svokallaðar barnvænar matsaðferðir (e. child-friendly assessment) (Brooker, 2008). Matið felst í að skoða með börnunum hvað þau geta gert í samvinnu eða með stuðningi annarra. Einnig að börnin hafi meiri áhrif á hvað þeim finnst mikilvægt að sé metið. Litið er á barnvænt mat sem mótandi mat (e. formative assessment), það er að matið sé til þess gert að upplýsingar úr því hafi áhrif á og styðji við þróun náms hjá börnum. Þess konar mat getur þá til dæmis snúið að félagsfærni og líðan barna (Brooker, 2008; Carr, 2014). Barnvinsamlegar matsaðferðir eru því í samræmi við meginhugmyndir um börn og menntun þeirra á 21. öldinni.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) er mikil áhersla á barnvænt mat, þar sem litið er svo á að framkvæmd mats á námi barna sé órjúfanlegur þáttur í starfi leikskóla, en þar er almenn menntun skilgreind í ljósi nútíma samfélags, þörfum þess og einstaklingsins. Í matskafla aðalnámskrár kemur fram að mat feli í sér að safna upplýsingum um það sem börn fást við og hafi áhuga á og að mat sé ferlimiðað. Þá er átt við að upplýsingar úr matinu séu nýttar til að styðja við nám og velferð barna, jafnt við skipulagningu leikskólastarfsins og til að styðja við og efla hvert barn. Með þessu móti er gengið út frá því í aðalnámskrá að menntun barna fari fram í samþættu og skapandi leikskólastarfi; að hvert barn læri í gegnum leik, eigi samskipti og finni lausnir í samvinnu við jafnaldra. Í þessu samhengi er hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks að hvetja börn til að fást við það sem vekur áhuga þeirra og styðja við hæfni barna til að vera virk í lausnaleit í flóknu samfélagi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Í ljósi þess sem fram kemur um nám og mat í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) og framangreindra hugmynda um nám í anda samfélags 21. aldarinnar má segja að grundvallarviðhorf til barna og náms hafi breyst, sem ætti að kalla á breyttar aðferðir við mat í leikskólastarfi. Nýjar hugmyndir og skilningur á námi ungra barna hafa þróast á undanförunum áratugum. Í þessari grein er vísað til samtímahugmynda sem þeirra hugmynda sem próaðar hafa verið síðustu 30 árin í tengslum við menntunarfræði ungra barna (Dahlberg, Moss og Pence, 2007; Prout og James, 2015). Tengja má þessar hugmyndir við ýmsa strauma í samtímanum, til dæmis þá sem byggja á félagsfræði barnæsku (e. sociology of childhood) (Prout og James, 2015; Qvortrup, 2009), eða síðtímahugmyndum um menntun og umönnun barna (e. postmodern perspectives) (Dahlberg o.fl., 2007). Í þeim er lögð áhersla á rétt barna til að hafa áhrif og að vera gerendur (e. agency) í eigin lífi (Prout og James, 2015). Í ljósi þess ætti að virða rétt barna til að fá þá umönnun sem þau þarfnast en einnig rétt þeirra til að á þau sé hlustað og þau studd til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi. Á sama tíma (Mayall, 2003; Prout, 2011) er litið á börn sem minnihlutahóp, sem er háður fullorðnum og jafnvel sé hætta á að þeir, sem hafa meira vald en þau, beiti þau kúgun eða þvingunum.

Í ljósi íslenskrar stefnumótunar, eins og kemur fram í *Aðalnámskrá leikskóla* og *Demahæfti um námsmat* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, 2013), þurfa leikskólakennarar og leiðbeinendur að huga að þeim skilyrðum sem börnum eru búin þegar þau taka þátt í og tilheyra hópi í leikskólasamfélaginu, meðal annars út frá samfélagslegum aðstæðum og margbreytileika fjölskyldna á Íslandi.

Markmið þessarar samstarfsrannsóknar var að skoða og próa aðferðir sem starfsfólk leikskóla notar til þess að meta nám og vellíðan barna í samræmi við það sem fram kemur í aðalnámskrá.

Við val á matsaðferðum horfðu þátttakendur í rannsókninni til skráningaradferða sem tengjast áhuga barna, styðja þau í athöfnum sínum og veita auk þess fjölskyldum þeirra meiri innsýn í leikskólastarfið. Jafnframt að upplýsingar úr matinu væru nýttar í leikskólastarfinu til að styðja við nám einstakra barna, barnahópsins og við skipulag skólastarfsins.

Að meta nám í ljósi nútíma hugmynda

Námsmat sem skipulagt er í anda nútíma hugmynda um nám fer gjarnan fram þannig að fylgst er með þeim ferlum sem eiga sér stað þegar börn leika sér, fást við skapandi verkefni eða annað sem vekur áhuga þeirra. Skoðuð eru viðfangsefni barna og aðferðir þeirra; hvað þau fást við og hvernig þau finna lausnir, oft í samvinnu við aðra. Barnvænt mat (Brooker, 2008), sem kynnt var hér að framan, felur meðal annars í sér sjónarmið barnanna sjálfra og aðkomu þeirra að mati á eigin námi. Nálgunin felst í að hlusta á raddir barna, ekki aðeins orð heldur einnig að lesa í margbreytilega tjáningu þeirra. Matið felst til dæmis í að finna út hvað börn vita nú þegar eða hvað þau eru að hugsa þá stundina, en ekki síður hvernig leikskólakennarar styðja börn í að kanna (e. explore) aðstæður og atburði, deila hugmyndum með öðrum og móta þannig nýja þekkingu. Leikskólakennarar sem styðjast við slíkar matsaðferðir byggja á þekkingu um nám og börn en notkun á þeim styrkir jafnframt faglega þróun þeirra og eflir þá í að taka sjálfstæða afstöðu varðandi það hvað þeir telja mikilvægast að fari fram í leikskólanum og hvernig hægt er að meta, eða gera sýnilegt, það nám sem þar fer fram. Mat af þessu tagi snýst ekki síst um það sem er mikilvægt fyrir barnið; vekur áhuga þess og stuðlar að samvinnu barna og samstöðu þeirra á milli.

Leikskólakennarar og rannsakendur í ýmsum löndum hafa þróað aðferðir til að tengja þróun fagmennsku leikskólakennara og nám barna sem skipulagt er út frá áhuga og hugmyndum barna (Oliveira-Formosinho og de Sousa, 2019). Samkvæmt þeim er uppeldi og menntun í daglegu starfi leikskóla síbreytilegt ferli þar sem gengið er út frá því að leikskólakennarar ígrundi og tengi saman fræði og framkvæmd í leikskólastarfinu. Þessum aðferðum er ætlað tvíþætt hlutverk í mati á daglegu lífi barna í leikskólum. Annars vegar að gera það sýnilegt og endurspeglar fjölbreytta þætti í námi og líðan barna. Hins vegar að styrkja leikskólakennara í að þróa faglega og ígrundandi starfshætti. Í borginni Reggio Emilia á Norður-Ítalíu hafa uppeldisfræðilegar skráningar (e. documentation) verið þróaðar, en þar er lagt upp með að skrá reynslu, merkingarsköpun og hugmyndir barnsins, ígrunda skráningarnar, lesa í tjáningu barnsins og nýta ferlið sem breytingarafl í þeim tilgangi að móta framsæknar aðferðir í leikskólastarfi (Dahlberg o.fl., 2007; Giudici, Rinaldi og Krechevsky, 2001). Í Nýja-Sjálandi hafa verið þróaðar námssöguskráningar (e. learning stories) sem byggja á svipuðum markmiðum og aðferðum en tilgangur þeirra er jafnframt að styðjast við námssögurnar sem annars konar matsaðferð sem fram fari í félagslegu samhengi (Carr, 2001, 2014). Slíkar skráningaradferðir eru í takt við breyttar aðstæður í samfélögum 21. aldarinnar (Prout og James, 2015), þar sem skólastarf byggir meðal annars á skólastefnu um skóla án aðgreiningar og fjölbreyttum menningarlegum bakgrunni fjölskyldna. Leikskólastarf í félagslegu samhengi margbreytileikans, með áherslu á rétt barna og getu til að hafa áhrif á eigið líf, kallar á nýjar aðferðir; töl og tæki sem styðja þessi markmið.

Námssöguskráning var þróuð í tengslum við námskrá fyrir leikskóla, Te Whāriki (New Zealand Ministry of Education, 1996), en hún var endurskoðuð árið 2017 (New Zealand Ministry of Education, 2017). Námskráin byggir á gildum ólíkra menningarhópa þar í landi þar sem lögð er áhersla á að lesa í tengslamyndun í barnahópi út frá vellíðan barna (e. well-being) og að tilheyra hópi (e. belonging) sem tengist sjálfsímynd barns og hneigðar til náms (e. learning dispositions). Jafnframt er styrkleiki og geta barns í forgrunni fremur en það sem upp á vantar í þroska og færni (Carr, 2001, 2014). Hneigð til náms er skoðuð út frá eftirfarandi þáttum í samskiptum barna eða barns: Sýnir barnið áhuga, er barnið virkt, hvernig leitar barnið lausna og tekst á við erfíðleika eða óöryggi, hvernig tjáir barnið hugmyndir sínar eða tilfinningar og hvernig sýnir barnið öðrum samhygd og tekur ábyrgð á því sem fram fer? Þessir fimm þættir hneigðar til náms eru oft notaðir sem nokkurs konar viðmið, það er að námssögurnar eru greindar út

frá þáttum hneigðar til náms (Carr, 2014; Daniels, 2011). Í íslenskri starfendarannsókn (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015), sem fór fram í átta leikskólum og hafði það markmið að þróa námssöguskráningar sem matsleið, kom fram að þátttakendur yfirfærðu viðmiðin á íslenskar aðstæður með því að tengja við þætti *Aðalnámskrár leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Til dæmis töldu deildarstjórar sem tóku þátt í þeirri rannsókn gagnlegt að greina námssögur, gjarnan fleiri en eina, út frá þeim þáttum sem nefndir eru sem áhersluþættir í mati í aðalnámskránni.

Fræðimenn og leikskólakennarar í Nýja-Sjálandi telja að skráning námssagna með börnum sé góð leið til að fá innsýn í félagslegt samhengi náms í þeim tilgangi að greina hvaða merkingu börn leggja í það nám sem fram fer í leik og sköpun (Carr, 2014; Peters, 2009). Þegar leikskólakennarar skrá námssögur hafa þeir til hliðsjónar að í skráningunni felist fjórir meginþættir (Carr, 2001; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; New Zealand Ministry of Education, 1996, 2017):

- Fyrst fer fram skráning og lýsing, þar velur leikskólakennarinn skráningaraðferð sem hentar aðstæðum og markmiði skráningar. Skráð er það sem barnið tekst á við í samskiptum og daglegum viðfangsefnum. Val aðferðar snýst um skriflega skráningu, ljósmyndatöku, myndbandsupptöku eða hljóðupptöku. Aðferðunum er stundum blandað saman og nýlega, með tilkomu tölvutækni, hafa verið þróuð forrit sem auðvelda fjölbreytta notkun aðferða og sömuleiðis utanumhald um skrár.
- Því næst er skráningin ígrunduð og rædd við samstarfsfólk, foreldra eða börn. Ígrundun er talin nauðsynlegur þáttur skráninga til að fá staðfestingu á því sem skráð er, fá fram mörg sjónarhorn bæði barna og fullorðinna, og loks til að setja fram nýjar hugmyndir og spurningar varðandi það sem fram fór. Ígrundunin á einnig sterkan þátt í að auka innsýn í sjónarmið barna og getur með því móti stutt við þekkingarleit þeirra, auk þess að gefa leikskólakennurinum sjálfum tækifæri til að skoða eigin starfsaðferðir.
- Þá eru gögn greind og þeim miðlað í þeim tilgangi að gera námsferli barna sýnilegt þeim sjálfum, leikskólakennurum og foreldrum. Fram fara samræður t.d. um hvað barnið gerir, hvernig það finnur lausnir, tjáir viðhorf sín og tekur tillit til annarra.
- Loks eru upplýsingarnar nýttar meðal annars til að endurskoða og skipuleggja leikskólastarf út frá nýjum upplýsingum um barnið eða barnahópinn (Carr, 2001; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; New Zealand Ministry of Education, 1996).

Þó þessir meginþættir séu settir fram sem nokkurs konar þrep, er fremur litið á þau sem gorm þar sem hægt er að fara fram og til baka í ferlinu. Framkvæmd námssöguskráninga getur til dæmis birst í að skrásetjari, leikskólakennari eða leiðbeinandi, safnar saman mörgum örsögum (e. narratives), með margvíslegum aðferðum, myndum, skilaboðum, skriflegri skráningu eða upptökum. Sögurnar eru ígrundaðar; mótaðar og byggðar upp í samvinnu leikskólakennara og/ eða leiðbeinenda, barna og fjölskyldna þeirra (Carr, 2014). Ígrundunin getur haft valdeflandi áhrif á alla þá aðila sem koma að henni, en ekki síst gert sjónarmið barnanna; áhuga þeirra og viðhorf, þeim sjálfum og öðrum sýnileg, en jafnframt stutt við áhrifamátt (e. agency) þeirra (Carr og Lee, 2019). Auk þess hafa Davis, Wright, Carr og Peters (2013) rætt hvernig leikskólakennarar og leiðbeinendur geti vitað að börn ígrundi nám sitt og telja þessir höfundar að námssögur geti á árangursríkan hátt gert ígrundun þeirra sýnilega, sem jafnframt getur gert námið merkingarþærara fyrir þau sjálf. Námssögum barna er hægt að safna saman í ferilmöppur (e. portfolios) og ekki er eingöngu litið á möppurnar sem námsmat sem birtist í skrásetningu á námi barna yfir tiltekið tímabil, heldur einnig að ferilmappan geti verið óendanleg uppspretta samræðu milli barna og barna og fullorðinna um það sem barnið hefur gert og upplifað (Carr og Lee, 2019). Í þeim leikskólum sem tóku þátt í þessari rannsókn var haldið utan um gögn sem varða einstök börn, lýsa ferlum í leikskólastarfi ásamt ýmsum upplýsingum um nám og líðan barna og eru þær nefndar persónumöppur (e. portfolio).

Skráningarferlið er þannig móttandi mat (e. formative assessment); mat sem hjálpar börnum, ekki eingöngu til að skilja og styrkja eigin sjálfsmynd heldur einnig til að gera skýrar í huga hvers og eins hvernig og hvers vegna við lærum, gjarnan af þátttöku í samskiptum við aðra (Carr, 2014). Með því móti er námssöguskráning jafnframt leið fyrir leikskólakennara og leiðbeinendur til að fá innsýn í hvernig börn leggja merkingu í auðugt en jafnframt flókið nám sem fram fer í samskiptum við aðra (Carr, 2001). Leikskólakennarar og leiðbeinendur nýta síðan upplýsingar úr matinu til að mæta barni og barnahópi, auk þess að gera breytingar á skipulagi leikskólustarfsins sem þannig er í sífelldri þróun. Breytingar í leikskólustarfinu ráðast þannig af því sem fram kemur í matinu (Peters, 2009), en fyrst og fremst er því ætlað að tryggja að þörfum barnanna sé mætt.

Áskoranir og ávinningur sem tengjast skráningum

Námssöguskráningar sem matsaðferð er flókið ferli en að mati Carr (2001) er ekki komist hjá því að svo sé. Því ber að huga að ýmsum hindrunum eða ófyrirséðum afleiðingum sem geta mætt leikskólakennurum og leiðbeinendum þegar skráð er. Nokkrar íslenskar rannsóknir lýsa upphafi námssöguskráninga í tilteknum leikskólum og því hvernig þær hafa verið nýttar í leikskólustarfi og rannsóknum, meðal annars til að fá fram sjónarmið barna (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2010; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Þessar rannsóknir hafa sýnt að skráningarnar reyndust árangursrík leið til að varpa ljósi á styrkleika barna. Fram kom mynd af börnum sem hæfileikaríkum þátttakendum í samskiptum við aðra, þau virtust oftast fyllilega fær um að bregðast við í vandasömum aðstæðum og taka þátt í að finna lausnir sem gjarnan virkuðu fyrir fleiri en þau sjálf.

Jafnt erlendar (Alvestad og Sheridan, 2015) sem innlendar (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015) rannsóknir hafa sýnt að skráningar, hvort heldur sem er um námssöguskráningar eða uppeldisfræðilega skráningu að ræða, geta verið í senn hjálplegar og hvetjandi fyrir leikskólakennara, leiðbeinendur og rannsakendur, bætt við þekkingu og innsýn hinna fullorðnu í leik og námi einstakra barna og barnahópa.

Í niðurstöðum tveggja íslenskra starfendarannsókna kom fram að eftir að hafa þróað námssöguskráningar sögðust leikskólakennarar finna fyrir stolti og töldu vinnubrögð sín fagmannleg. Jafnframt reyndust þeim skráningarnar hjálplegar til gagnvirkrar samræðu í samstarfi við bæði samstarfsfólk sitt og foreldra (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Sömu leiðis kom fram í sænskri rannsókn að leikskólakennarar notuðu skráningar til að bæta starf sitt og upplýsa foreldra um það sem fram fór í leikskólanum. Auk þess varð tenging skráninga og skipulags í leikskólustarfi til þess að skilningur leikskólakennaranna á starfinu jókst og það varð merkingarþærara í þeirra augum (Alvestad og Sheridan, 2015). Út frá þessum rannsóknum má draga þá ályktun að skráningar veiti leikskólakennurum aukna innsýn í áhuga og viðhorf barna og styðji við faglega starfshætti í leikskólum.

Þó ber að halda því til haga að þegar skráð er, hvort heldur sem er námssögur eða uppeldisfræðileg skráning, þá er mögulegt að leikskólakennarar og leiðbeinendur lendi í þeim pytti að skrásetningin sjálf verði aðalatriði, á kostnað sterkra tengsla og samskipta við börnin. Í rannsókn Löfgren (2016) kom fram að leikskólakennarar sögðust sjaldan vísa til og ræða skráningar sínar sem snerust um umönnun barna, og ef þeir gerðu það bættu þeir gjarnan við umræðu um nám af öðrum toga. Löfgren dró þá ályktun að leikskólakennarar litu á skráningar sem leið til að þróa starfshæfni sína, en að áhersla á umönnun yrði aukaatriði eða jafnvel gleymdist. Hún taldi þessa þróun geta leitt til þess að leikskólakennarar ykju áherslu á hefðbundið nám og undirbúning barna fyrir fullorðinslífið í stað þess að einblína á vellíðan barna og að börn fengju að vera börn (Löfgren, 2016).

Helstu hindranir eða erfiðleikar sem mættu leikskólakennurum við námssöguskráningarnar (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015) reyndust vera tímaskortur. Að mati þátttakenda hefði þurft að gera ráð fyrir að leikskólakennarar og annað starfsfólk hefði tíma fyrir skráningar, þá sérstaklega til að ígrunda þær með öðrum. Svipað kom fram í rannsókn Alvestad og Sheridan (2015) þar sem mest var stuðst við notkun ljósmynda í skráningum þátttökuleikskóla og afar sjaldgæft var að unnar væru nákvæmar skriflegar skráningar. Í þeirri rannsókn leiddu niðurstöður í ljós að oft gæfist ekki tími til ígrundunar og úrvinnslu.

Halda ber því til haga að sú nálgun að horfa til styrkleika barns og að líta á barnið sem getumikið var meðal annars sett fram í þeim tilgangi að leikskólakennarar og leiðbeinendur létu ekki skráningar sínar og starfshætti stjórnast af leit að því hvort börn stæðust tiltekin stöðluð viðmið, til dæmis byggð á þróunarsálfræði, til að geta síðan unnið að því að kenna börnum það sem upp á vantaði samkvæmt stöðluðum þroskalista. Jafnframt hefur verið sett fram sú gagnrýni (Kampmann, 2004) að hugmyndin um hið sterka og getumikla barn (e. the competent child) geti auðveldlega snúist yfir í að börn séu metin af leikskólakennurum, sem móta ný viðmið, til dæmis út frá því hversu skapandi og kraftmikil þau séu. Kampmann bendir á að þannig verði til ný „normalisering“ sem kalli á gagnrýna skoðun á því hverjum það gagnist og hvort nálgunin hafi ekki snúist upp í andhverfu sína.

Á undanförunum árum hafa skráningar tæknivæðst enn frekar. Fram kemur að í leikskólum Reykjavíkurborgar séu spjaldtölvur gjarnan nýttar til að vinna skráningar. Í spjaldtölvum eru þá snjallforrit gjarnan nýtt til að halda utan um gögn sem eru af margbreytilegum toga, svo sem ljósmyndir, myndbandsupptökur, hljóðupptökur og texta. Skrásetning í leikskólastarfinu verður með þessu móti aðgengilegri, gögnum er safnað og þau skráð á einum stað auk þess sem hægt er að útbúa rafræna ferilmöppu sem heldur utan um fjölbreytileg gögn (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2017). Jafnframt hafa rannsóknarniðurstöður sýnt að ný tölvutækni af þessu tagi geti aukið og stutt við þátttöku barna í skráningum (Alvestad og Sheridan, 2015). Í ljósi þessa má hugleiða hvort upplýsingatækni geti gagnast til að námssöguskráningar verði samofnari starfsháttum í leikskólum (Carr, 2001), þar sem leikskólakennarar og leiðbeinendur þjálfí sig í að skrá og vera í samskiptum og verkefnavinnu með börnum, fremur en að standa til hliðar og vera skrásetjarar. Ekki er þó hægt að fullyrða að notkun upplýsingatækni til skráninga hafi eingöngu jákvæðar hliðar og spyrja má hvort hún gagnist eingöngu afmörkuðum hópi. Mikilvægt er að huga að þessu ef lítið er á leikskólann sem lærdómssamfélag þar sem allir hafa eitthvað fram að færa.

Menntun í margbreytileika aðstæðna í leikskólum er flókið fyrirbæri, bæði hvað varðar nám barna, skipulag og framkvæmd leikskólamenntunar. Ekki getur síður verið flókið að meta slíkt nám, sem kallar jafnframt á leit að fjölbreyttum matsaðferðum fremur en einni réttari leið.

Leitað var svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hvernig aðferðir geta nýst til að meta nám og vellíðan barna í leikskóla?
- Hvert er gildi þátttöku í samstarfsrannsókn um fjölbreyttar matsaðferðir?

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru starfsfólk í fimm leikskólum, það er einum í hverju sveitarfélagi Kragans (Suðvesturkjördæmis), ásamt háskólakennurum og rannsakendum frá RannUng. Undirbúningur verkefnisins hófst haustið 2015 en tímarammi þess spannaði þrjú ár. Meginverkþættir þátttakenda voru undirbúningur, fræðsla og innleiðing matsaðferða sem meta nám og vellíðan barna í samræmi við umfjöllun um mat í *Aðalnámskrá leikskóla 2011* og *Þemahefii* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, 2013). Þar sem um var að ræða samstarfsrannsókn var lítið á alla þátttakendur sem sérfræðinga á sínu sviði en jafnframt rannsakendur, sem samt sem áður höfðu ólík hlutverk.

Virkir þátttakendur í rannsókninni voru 35, það er 25 í leikskólunum fimm, ásamt fimm meistaranemum og fimm háskólakennurum. Þátttakendur í leikskólunum voru stjórnendur í leikskólunum auk leikskólakennara og leiðbeinendur þeirra leikskóladeilda sem tóku þátt í verkefninu. Fjöldi leikskólakennara sem tók þátt í hverjum leikskóla var á bilinu einn til þrjár, að viðbættum stjórnendum, sem allir voru leikskólakennarar. Að meðaltali var hlutfall leiðbeinenda í leikskólunum fimm um helmingur þátttakenda. Í þremur leikskólanna var fastur kjarni sem tók þátt í ferli rannsóknarinnar í heild sinni. Í tveimur af leikskólunum hættu stöku þátttakendur í teyminu og komu þá nýir í staðinn. Því má segja að aðstæður í hverjum leikskóla hafi haft áhrif á hverjir voru þátttakendur á hverjum stað og tíma. Greint verður ítarlega frá þátttakendum í öðrum greinum þessa sérriits. Hlutverk þátttakenda í leikskólunum var að skoða og greina þær matsaðferðir sem verið var að nota í upphafi verkefnisins í þeim tilgangi að þróa aðferðir sem eru til þess fallnar að nálgast sjónarhorn og reynslu barna, fjölbreytt nám og námsleiðir barna. Þátttakendur sóttu fundi og fyrirlestra auk þess sem þeir lásu sér til og ræddu hentugar matsaðferðir miðað við aðstæður í hverjum leikskóla. Auk þess var hlutverk þeirra að skipuleggja, þróa og framkvæma fjölbreyttar matsaðferðir í samvinnu við fulltrúa RannUng.

Í upphafi rannsóknar var fjallað sérstaklega um siðferðileg álitamál í samræðu milli þátttakenda. Hver þátttökuleikskólanna styðst almennt við siðferðilegar reglur, meðal annars er gerður undirritaður samningur við foreldra um hvers konar gagna megi afla um börn þeirra og hvernig nota megi gögnin í leikskólastarfinu. Foreldrar voru upplýstir um verkefnið og leikskólastjórar og deildarstjórar undirrituðu samning um rannsóknarsamstarf þar sem þeir hétu trúnaði varðandi það sem fram kom í gögnum rannsóknar. Meistaraneimar skrifuðu undir yfirlýsingu þar sem þeir hétu þagmælsku og virðingu í samskiptum við börn og fullorðna í leikskólunum. Til að viðhalda meðvitund um að gæta siðferðis í rannsókninni voru siðferðileg álitamál reglulega rædd á fundum meistaranema og háskólakennara í gegnum rannsóknarferlið.

Þátttakendur frá RannUng voru annars vegar háskólakennarar og rannsakendur og hins vegar meistaranemar. Hlutverk þeirra fyrrnefndu var að skipuleggja og halda utan um framkvæmd verkefnisins í samstarfi við þátttakendur á vettvangi, móta rannsóknaráætlun ásamt því að styðja meistaranema faglega og fræðilega varðandi framkvæmd innsetningar og gagnaöflun.

Hlutverk meistaranema var að halda utan um gagnaöflun (viðtöl, athuganir og fundir á vettvangi), hafa yfirsýn og halda utan um verkefnið í einum þátttökuleikskóla ásamt því að taka þátt í kynningum. Meistaraneimum bauðst að tengja meistararitgerð sína við verkefnið sem þýðir að þeir gátu notað hluta af þeim gögnum sem urðu til í ferlinu eða safnað eigin gögnum samhliða þátttöku í verkefninu.


Aðferðafræði

Mat á námi og vellíðan barna er svokölluð samstarfsrannsókn (e. collaborative action research). Í samstarfsrannsóknum vinna kennarar á vettvangi og utanaðkomandi rannsakendur, til dæmis háskólakennarar, náid saman. Báðir þessir aðilar geta hagnast af þátttökunni. Kennarar á vettvangi fá tækifæri til þess að breyta starfsháttum sínum, þróa sig sem fagmenn og njóta stuðnings frá utanaðkomandi aðila, sem oft hefur sérfræðipækkingu á viðfangsefninu og aðferðinni. Háskólakennarar fá tækifæri til þess að tengja saman fræði og starf, tengjast fagfólki á vettvangi og vinna náid með því. Einnig er mikil áhersla á náid samstarf kennara innan skólans þar sem þeir leitast við að skilja og bæta starf sitt í gegnum samvinnu (Jóhanna Einarsdóttir, 2013; Koshy, 2010). Það er gert í tengslum við viðfangsefni rannsóknarinnar, sem í þessu tilfalli var að finna leiðir til þess að meta nám og vellíðan barna. Með samstarfinu er verið að skapa svokallað lærdómssamfélag.

Einkenni lærdómssamfélags (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013; Hord og Tobia, 2012) felst í því grundvallarviðhorfi að litið er svo á að allir í skólasamfélaginu séu mikilvægir, hvert sem hlutverk þeirra er innan og jafnvel utan skólans. Stjórnunarhættir fela í sér að starfsmannahópurinn er

studdur til þátttöku og honum gefið færi á að koma að ákvarðanatöku. Hvatt er til samræðna þar sem hópurinn deilir reynslu sinni og ígrundar hana, en með þess konar samskiptum mótast gagnvirkt lærdómsferli fyrir alla. Starfsmannahópurinn þróar sameiginleg gildi um menntun barna og byggir upp sameiginlega þekkingu með hliðsjón af getu, áhuga og þörfum barnanna (Hord og Tobia, 2012). Valdefling er meginþráður samskiptanna og hópurinn er studdur til að tjá viðhorf sín, eigin reynslu og ígrunda jafnt eigin starfsaðferðir og annarra. Valdefling í íslenskum starfendarannsóknum hefur reynst vel til þess að skapa hvetjandi námsaðstæður í skólasamfélagi í leikskóla (Kristín Karlsdóttir og Anna Magna Hreinsdóttir, 2016; Svava Björg Mörk og Rúnar Sigþórsson, 2011). Með því móti eru þátttakendur samstarfsrannsóknarinnar jafnframt aðilar að lærdómssamfélagi, það er allt starfsfólk; leiðbeinendur, leikskólakennarar og leikskólastjórnendur.

Það er engin ein rétt leið til þess að framkvæma starfendarannsókn og ferlið getur verið nokkuð ólíkt á milli rannsókna. Ferli starfendarannsókna er ekki línulegt heldur er farið fram og til baka á milli einstakra þátta yfir allt ferlið. Myndræn framsetning af hringlaga ferli getur þó auðveldað þátttakendum að átta sig á því hvar þeir eru staddir, hverju þeir hafa áorkað og hver næstu skref gætu hugsanlega verið (Mac Naughton og Hughes, 2009; McNiff, 2010, 2013). Mynd 1 sýnir á einfaldan hátt ferli starfendarannsóknarinnar *Mat á námi og vellíðan barna*.



Mynd 1. Ferli rannsóknarinnar *Mat á námi og vellíðan barna*.

Þegar þátttakendur höfðu tekið ákvörðun um að vera með í rannsókninni var komið að því að þeir veldu sér viðfangsefni. Búið var að ákveða að rannsóknin ætti að snúa að mati á námi og vellíðan. Þátttakendur í hverjum leikskóla skoðuðu því eigið starf og greindu hvað þeir vildu leggja áherslu á og bæta við í mati á námi og vellíðan barna. Á stórum fundi með öllum þátttakendum leikskólanna og háskólakennurum ígrunduðu og svöruðu þátttakendur spurningum eins og: Hvað er mikilvægt að börn læri í leikskóla? Hvað leggjum við áherslu á að meta í leikskólastarfinu núna?

Næst var ferlið skipulagt í hverjum leikskóla. Þátttakendur studdust við spurningarnar: Hvernig ætlum við að ná okkar markmiðum? Hvernig getum við breytt okkar aðferðum við að meta nám og vellíðan barna svo að þær falli að okkar viðhorfum til mats í leikskóla? Að því loknu var komið að sjálfri framkvæmdinni þar sem þátttakendur í hverjum leikskóla prófuðu nýjar aðferðir eða leiðir sem þeir töldu að myndu bæta starfið í samræmi við eigin viðhorf. Flestir völdu að vinna með námssögur og voru þátttakendur ýmist að stíga sín fyrstu skref í námssöguskráningum eða jafnvel að þróa aðferðina enn frekar. Aðrar aðferðir sem þátttakendur prófuðu sig áfram með voru uppeldisfræðilegar skráningar, myndbandsskráningar og ljósmyndaskráningar.

Í gegnum allt ferlið var gögnum safnað, það gerðu bæði þátttakendur í leikskólunum og meistaranemar frá Háskólanum. Meistaranemar tóku einstaklingsviðtöl við þátttakendur í upphafi ferlisins og aftur í lok þess. Tilgangur viðtalanna var að fá fram hugmyndir þátttakenda um *mat á námi* og vellíðan barna. Öðrum gögnum var einnig safnað, þau voru: Hljóðupptökur af fundum, vettvangsathuganir, ljósmyndir, myndbönd og rannsóknardagbækur. Þessi gögn voru notuð til ígrundunar og frekari greininga allra þátttakenda. Þátttakendur í leikskólunum ígrunduðu starfshætti sína stöðugt í gegnum allt ferlið; þeir veltu til dæmis fyrir sér hvernig þeir starfa, hvort starfshættir væru í samræmi við þeirra eigin viðhorf og hvort þær breytingar sem þeir prófuðu hefðu einhver áhrif. Fyrir ritun greinanna fimm greindu meistaranemar gögnin, hver í sínum leikskóla, með aðstoð háskólakennara. Gögnin voru afrituð og lesin endurtekið þar til greina mátti þemu sem urðu leiðarþræðir í ritun hvernar greinar fyrir sig. Að því loknu unnu meistaranemarnir fimm og háskólakennararnir í einum hópi að því að draga saman, flokka og skipuleggja hin ólíku þemu sem fram komu í öllum leikskólunum.

Niðurstöður

Rannsóknin sem hér er til umfjöllunar var skipulögð sem samstarfsrannsókn, þar sem þátttakendur í fimm leikskólum þróuðu leiðir til að meta nám og vellíðan barna með stuðningi frá háskólateymi; einum meistaranema og einum háskólakennara í hverjum leikskóla. Í upphafi skoðuðu þátttakendur í leikskólunum fimm eigin viðhorf til barna, náms þeirra og hvernig meta mætti nám. Í framhaldi af því var tekin sú sameiginlega ákvörðun í öllum leikskólunum að skrá námssögur barna eða gera uppeldisfræðilegar skráningar, tengja við eigin skólanámskrá og nýta upplýsingarnar í að meta nám og vellíðan barna.

Meistaranemarnir greindu fyrirbyggjandi gögn, hver í sínum leikskóla, með stuðningi háskólakennara, og skrifuðu grein í kjölfarið á því (sjá aðrar greinar í þessu sérít). Allir meistaranemarnir og háskólakennararnir unnu eftir það í einum hópi, flokkuðu og skipulögðu þemu sem fram komu í gögnum leikskólanna. Hér í framhaldinu verða niðurstöðurnar kynntar út frá þremur meginumfjöllunarefnum sem eru: Viðhorf þátttakenda í leikskólunum til náms; breytingar og áhrif þátttöku í samstarfsrannsókn og áskoranir þátttakenda í rannsóknarferlinu.

Viðhorf þátttakenda í leikskólunum til náms

Fljótlega eftir að rannsóknin hófst fór fram samræða þar sem þátttakendur, sem voru 25 frá leikskólunum og fjórir háskólakennarar, ígrunduðu viðhorf sín til barna, náms þeirra og mats. Í svörum allra þátttakenda í leikskólunum, varðandi hvað þeim fyndist mikilvægt að börn lærðu í leikskólum, kom fram að félagsfærni, vellíðan barna og velferð þeirra virtist skipta mestu máli hjá þeim flestum. Einnig var tjáning, sköpun og að kenna börnum gildi oft nefnt. Í umræðunni komu einnig fram ýmis önnur hugtök þessum tengd og rætt var að þau væru í raun öll tengd og jafnvel samtvinnuð. Aðeins einn af tuttugu og fimm þátttakendum nefndi mikilvægi þess að kenna börnum að lesa. Þessi meginviðhorf eru í takt við það sem fram hefur komið í rannsóknnum Jóhönnu Einarsdóttur (2010, 2019) um væntingar foreldra til leikskólagöngu barna sinna. Foreldrarnir vildu að börn þeirra nyttu veru sinnar í leikskólanum, öðluðust sjálfstraust og lærðu að bera virðingu fyrir öðrum.

Þegar kom að því að þátttakendur, sem tóku þátt í samræðunni, ræddu þær matsaðferðir sem stuðst var við í leikskólunum, nefndu þátttakendur nokkur matstæki, oftast fleira en eitt. Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan (*Tafla 1*) voru eftirtalin matstæki nefnd: HLJÓM-2 sem mælir hljóðkerfisvitund; TRAS sem metur málþroska; EFI sem er málþroskaskimun og Íslenski þroskalistinn sem er ítarlegt þroskamat sem foreldrar fylla út. Einnig var nefnt ýmislegt sem tengist stefnumótun og nokkrum kennsluáðferðum eða hjálpartæki í námi og kennslu, svo sem PALS sem er aðferð til að styðja við félagalestur og SMT sem hefur það markmið að takast á við hegðunarerfiðleika og er ætlað að móta og meta hegðun barna. Loks var ECERS-kvarðinn nefndur, en hann er notaður sem tæki til innra mats í leikskólustarfinu.

Matstæki sem skrá og halda utan um ferlimiðaðar upplýsingar voru einnig nefnd: *Heilsubók barnsins* þar sem nákvæm skráning á þroska, andlegri og líkamlegri líðan barna er gerð tvisvar á ári. Persónumöppur (e. portfolios) sem ætlað er að halda utan um verkefni sem unnin eru og endurspeglar sögu barnsins í leikskólanum, skráð er út frá styrkleika þess og tengslum við önnur börn auk þess að styrkja tengsl heimilis og skóla. Námsöguskráningar þar sem skráð er það sem börn gera og geta (styrkleikar) og upplýsingar nýttar til að meta nám þeirra og vellíðan.

Tafla 1. Viðhorf leikskólakennara og matsaðferðir í leikskólunum.

Það sem leikskólakennurum fannst mikilvægt að börn lærðu í leikskólum:	Það sem leikskólakennarar voru að nota til að meta nám barna í leikskólum:
<p>Flestir nefndu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samskipti • Sjálfstæði • Félagsfærni • Velferð og vellíðan • Tjáning • Sköpun • Gildi 	<p>Mjög oft nefnt:</p> <ul style="list-style-type: none"> • HLJÓM-2 • TRAS • EFI • PALS • Íslenski þroskalistinn og aðrir tékklistar <p>Einnig kom fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Heilsubók barnsins</i> • Persónumöppur • Námsögur • Námsumhverfi, kennslufræði eins og ECERS-skalin

Eftir þessa vinnu varð nokkur umræða á meðal þátttakenda um tengsl þess sem þeir vildu eða töldu mikilvægt að leggja áherslu á í námi barna og matsaðferðunum sem notaðar voru í leikskólunum. Í umræðunni birtist ákveðin þversögn varðandi það sem kennurum fannst mikilvægt að börn lærðu og hvaða matsaðferðum er beitt í leikskólunum (*Tafla 1*), þversögn sem endurspeglar ólíkar hugmyndir um nám og það sem talið er mikilvægt að meta. Annars vegar er áhersla á leit að því sem barnið er ekki fært um að gera, með það að markmiði að finna leiðir til að bæta þá þætti í fari barns. Hins vegar er sú nálgun sem styðst við hugmyndir félagsfræði barnæsku þar sem í mati er fókus settur á áhuga barna og styrkleika þeirra í samskiptum við önnur börn og bæði nám og mat hefur þann tilgang að styðja barnið í eigin þekkingarleit sem byggir á áhuga þess og virkni.

Hugmyndir leikskólakennaranna og leiðbeinendanna um hvað var mikilvægt að meta eru í samræmi við *Aðalnámskrá leikskóla* sem endurspeglar samtímahugmyndir um að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi þar sem börn og leikskólakennarar ræði saman og finni lausnir í sameiningu (Carr, 2001, 2014; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012; Prout og James, 2015). Mestur hluti þeirra matsaðferða sem nefndar voru byggja hins vegar á því að skoða hvað einstaklingur getur gert einn og sér og skrá oftast án þess að eiga samskipti eða félagsleg tengsl við börn eða fullorðna. Í þátttökuleikskólunum var því í upphafi rannsóknar aðallega stuðst við hefðbundnar matsaðferðir (Brooker, 2008). Í ljósi þessa var í hverjum leikskóla hafist handa við að leita leiða og

móta aðferðir til að meta félagslega þætti og vellíðan barna, sem voru þeir þættir sem starfsfólkinu fannst mikilvægir. Í framhaldi af þessu var ákveðið að í leikskólunum yrði prófað að styðjast við námssöguskráningar eða uppeldisfræðilegar skráningar í þeim tilgangi að þróa annars konar matsaðferðir.

Breytingar og áhrif þátttöku í samstarfsrannsókn

Hér er greint frá þeim þemum sem fram komu í niðurstöðum leikskólanna. Með því að nota matsaðferðir sem lögðu meiri áherslu á félagsleg tengsl og vellíðan barna öðluðust þátttakendur breytta sýn á börn og nám, foreldrasamstarfið eflidist og breytingar urðu á starfsháttum, þó mismiklar. Jafnframt kom fram í gögnunum að þátttakendur þurftu að takast á við ýmsar áskoranir.

Breytt sýn þátttakenda í leikskólunum

Eftir að hafa stuðst við námssöguskráningar eða uppeldisfræðilegar skráningar sem matsaðferð breyttist innsýn leikskólakennara og leiðbeinenda í getu barnanna. Fram kom í niðurstöðum þátttökuleikskólanna fimm að leikskólakennarar og leiðbeinendur öðluðust breytta sýn á börn sem fólst í að þeir sáu betur styrkleika barna, getu þeirra og færni. Um var að ræða færni sem þeir höfðu jafnvel ekki veitt athygli eða sérstaklega beint sjónum að áður. Dæmi um þetta birtist varðandi tvítýngd börn í einum leikskólanna – þegar starfsfólkið hætti að einblína á að börnin ættu í erfiðleikum með að tjá sig munnlega, en kom þess í stað auga á að börn áttu samskipti með ólíkum leiðum, til dæmis með líkamstjáningu og svipbrigðum. Svipað mátti greina í öðrum leikskólum í tengslum við yngstu börnin, leikskólakennarar og leiðbeinendur fóru að sjá að börnin höfðu meiri getu og samskiptafærni en þeir höfðu upprunalega haldið. Þannig fannst þeim námssögurnar opna huga þeirra, færa þeim betri innsýn í það sem börnin tókust á við og skilning á því námi sem fram fór. Námssöguskráningin leiddi til þess að þátttakendurnir í leikskólunum fóru almennt að sjá börnin í öðru ljósi, skilja sjónarmið þeirra og greina betur hvers þau voru megnug. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir hér á landi og erlendis (Carr og Lee, 2012, 2019; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008), þar sem fram kom að námssöguskráningar gáfu leikskólakennurum betri innsýn í hugarheim barna og studdu við merkingarbær samtöl þeirra við börnin.

Þátttakendur í leikskólunum upplifðu líka aukna vitund um vellíðan og nám hvers barns. Í einum leikskólanna byrjuðu leikskólakennarar og leiðbeinendur að taka eftir því að sum barnanna hefðu fengið litla eða enga athygli frá fullorðnum í leikskólanum. Þetta átti við um börnin sem sumir þátttakenda vísuðu til sem „týndu börnin“ í leikskólanum, það er þau börn sem eru róleg og kalla ekki á mikla athygli. Þátttakendur í leikskólanum veltu fyrir sér hvort sum þessara barna gætu fundið til ööryggis sem þau tjáðu með þessum hætti meðan hjá öðrum börnum væri þetta þeirra tjáningarmáti. Leikskólakennarar og annað starfsfólk velti fyrir sér hvort sum þessara barna gætu verið sérlega fær í að bjarga sér og fara eftir reglum án þess að leita eftir athygli og stuðningi frá leikskólakennurum og leiðbeinendum. Þetta leiddi til þess að þátttakendur í leikskólanum leituðu eftir því að lesa betur í tjáningu þess hluta barnanna sem höfðu sig lítið í frammi og greina hvernig þeim liði í leikskólanum. Tengja má þetta við niðurstöður nýlegrar íslenskrar rannsóknar (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016) þar sem kom fram að tengsl væru milli aukinnar vellíðanar barna og virkrar þátttöku þeirra í barnahópnum.

Efling samstarfs við foreldra

Niðurstöðurnar sýna einnig að í sumum leikskólanna þróaðist og eflidist samstarf við foreldra. Í tveimur af þeim fimm leikskólum sem tóku þátt deildu leikskólakennararnir skráningunum með foreldrum sem leiddi til gagnvirkari samskipta við þá. Foreldrasamtöl urðu til dæmis ánægjulegri og beindust meira að jákvæðum eiginleikum barnanna, styrkleikum þeirra og hversu fær þau

væru í raun og veru fremur en því sem börnin höfðu ekki náð valdi á. Þannig byggðu foreldrar og leikskólakennarar, með aðstoð námssagnanna, upp sameiginlega þekkingu á því hvað barnið fengist við, áhugasviði þess og getu. Með þessum hætti fengu foreldrar aukin tækifæri til að fá innsýn í hvað barnið þeirra gerði í leikskólanum – til dæmis hvernig það notaði reynslu sína í leiknum og notaði leik og samskipti við vini sína sem vettvang til að æfa og efla félags- og samskiptafærni sína.

Í einum leikskólanna fóru börnin jafnframt heim með möppu með námssögum sínum yfir helgi og sumir foreldrar skrifuðu námssögur sem barnið kynnti svo í leikskólanum. Einum þátttakanda fannst þessi hluti rannsóknarinnar vera sá skemmtilegasti, sagði að það hefði verið áhugavert að lesa námssögurnar að heiman og heyra börnin deila þeim með barnahópnum. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram í fyrri rannsóknum (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008) þar sem leikskólakennarar sögðu að skráningar námssagna hefðu m.a. nýst á þann hátt að foreldrasamtöl hefðu orðið ánægjulegri fyrir báða aðila, snúist meira um barnið (samskipti þess, getu og nám) og aukið í framhaldinu gagnvirk samskipti beggja aðila um barnið.

Breyttir starfshættir í kjölfar námssöguskráninga

Eins og áður hefur verið nefnt sýndu þátttakendur opnara hugarfar gagnvart börnunum og fóru að lesa í tjáningu barnanna í ríkara mæli. Þeir greindu meiri smáatriði í samskiptum og sáu þannig það sem börnin gerðu og tjáðu út frá öðru sjónarhorni. Með þessu móti greindu þeir aðra þætti í hegðun og tjáningu barna, eins og hvernig vellíðan og hæfni/færni þeirra endurspegladist í samskiptum. Þetta má tengja við einn meginþingang námssöguskráninga sem hefur jafnframt komið fram í fyrri rannsóknum að skráningar séu vel til þess fallnar að gefa leikskólakennurum og öðru starfsfólki betri innsýn í hugmyndir og áhuga barna þegar þau taka þátt í leik og öðrum viðfangsefnum (Carr, 2001, 2014; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008).

Þegar þátttakendur einblíndu á styrkleika barnanna og fylgdu athöfnum og samvinnu þeirra eftir, sáu þeir börnin í nýju ljósi, og á sama tíma reyndu þeir að sjá börnin meira heildrænt. Til dæmis í einum leikskólanna, eftir að margar námssögur höfðu verið skráðar, komust þátttakendur að því að engar sögur höfðu verið skráðar um sum börn. Þá var ákveðið að veita þessum tilteknu börnum sérstaka athygli, sem varð einnig til þess að vellíðan þessara barna og annarra á deildinni varð í brennidepli. Í öðrum leikskóla voru skráningar gerðar með börnum af erlendum uppruna, sem voru ekki farin að ná góðum tókum á íslensku. Þar komust þátttakendur að því að með því að lesa í annars konar tjáningu barnsins heldur en tungumálið, fengu þeir miklu meiri upplýsingar og skilning á henni. Þetta má tengja við að einn meginþáttur í framkvæmd skráninga felst í að lesa í fjölbreytta tjáningu barna, aðra en orð, svo sem hljóð og líkamlega tjáningu í þeim tilgangi að fá innsýn í hugmyndir þeirra (Carr, 2014). Auk þess hafa námssöguskráningar verið teknar upp í ýmsum löndum (Carr og Lee, 2019), meðal annars við aðstæður þar sem markmiðið hefur verið að styðja við félagslegt réttlæti þegar unnið er með börnum sem tilheyra fjölskyldum í minnihlutahópum viðkomandi samfélags.

Geta ber þess að þátttaka í rannsókninni reyndist sérstaklega lærdómsrík fyrir leiðbeinendurna, þeir styrktust og fengu dýpri skilning á samskiptum og því námi sem fram fer í leik barna. Leiðbeinendurnir lýstu reynslu sinni eins og um væri að ræða þeirra eigið nám til að skilja börnin betur, vita meira um þau og þeirra hugmyndir. Segja má að þetta staðfesti að skráningar geti meðal annars verið tæki fyrir starfsfólk til að læra um börn, en einmitt það er eitt meginmarkmið skráninga (Alvestad og Sheridan, 2015; Carr, 2014; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Rinaldi, 2005).

Bæta má hér við að einn leiðbeinandi sagði meistaranema frá því að jafnvel þó að hún hefði ekki skráð neinar námssögur sjálf þá hefði hún lært mikið af því að taka þátt í ígrundun á námssögum

samstarfsfólksins. Þetta styður við rök um mikilvægi ígrundunar, en reynslu leiðbeinandans má einnig tengja við hugmyndir um valdeflingu í lærdómssamfélagi leikskóla, þar sem eingöngu þátttaka í ígrundun varð til þess að hún upplifði sig sem þátttakanda í rannsókninni (Svava Björg Mörk og Rúnar Sigþórsson, 2011).

Þegar þátttakendur voru farnir að sjá börnin í nýju ljósi, fóru þeir einnig að fylgjast með og skrá aðrar upplýsingar og því fylgdi að *mat á námi* barna varð meira í takt við aðalnámskrá. Þar sem 2/3 starfsfólks leikskóla eru leiðbeinendur (það er að segja ekki menntaðir leikskólakennarar) þá er það dýrmætur kostur að þeir taki þátt í rannsókn sem þessari, en eitt af meginmarkmiðum starfendarannsókna er að valdefla leikskólakennara og annað starfsfólk (leiðbeinendur) í leikskólunum (Koshy, 2010).

Þátttaka í samstarfsrannsókn – áhrif félagslegra aðstæðna

Í þremur leikskólanna var *mat á námi* og vellíðan barna bætt eða því breytt og jafnvel er hægt að tala um að varanleg breyting hafi orðið á hugarfari og starfsháttum leikskólakennara og leiðbeinenda. Í tveimur leikskólanna náði þátttaka í rannsókninni engu að síður ekki að hafa tilætluð áhrif hvað varðaði þróun fjölbreyttari matsaðferða. Þó ber að halda því til haga að fram kom í gögnum frá þessum tveimur leikskólum að viðhorfsbreyting hefði átt sér stað meðal þátttakenda og jafnvel að einhverju marki verið teknir upp breyttir starfshættir hvað varðar mat.

Auk breytinga á starfsháttum mátti í sumum leikskólanna sjá breytingar á reglum eða skipulagi deildar. Eftir að hafa gert skráningar með því að beina sjónum að styrkleikum barnanna ásamt því að ígrunda skráningar sáu þátttakendur börnin á annan hátt. Það kom til dæmis fram í skráningu drengs sem var oft órólegur og virtist jafnvel áhugalaus um viðfangsefni innan dyra. Þessi drengur virtist bæði virkur og áhugasamur þegar hann var í útivist. Eftir ígrundun á þátttöku hans og tjáningu í skráningunum komust leikskólakennarar og leiðbeinendur að því að hann gæti haft meiri áhuga á því að leika sér utandyra og eftir það bauðst honum að fara út tvisvar á dag í stað einu sinni, ef hann vildi það. Þetta virðist ekki mikil breyting en engu að síður ný nálgun sem tók mið af því að mæta áhuga barnsins, fremur en að fylgja skipulagi. Í öðrum leikskóla deildu þátttakendur námssögunum með tveggja ára börnum með því að hengja námssöguskráningarnar upp á vegg, í hæð barnanna. Við þessar aðstæður tjáðu börnin mikinn áhuga á skráningunum, sýndu öðrum börnum og ræddu námssögurnar, en þessi háttur var hafður á og varð að venju á viðkomandi deild. Hér má tengja við rannsókn Alvestad og Sheridan (2015) sem sýndi að tengsl skráninga og skipulags í leikskólastarfi jók skilning leikskólakennara á starfinu og það varð þeim merkingarbærara.

Í öllum fimm leikskólunum þróuðu þátttakendur tölvufærni sína, en þó var sú notkun hvað mest í tveimur leikskólanna, þar sem notaðar voru spjaldtölvur með forritum sem héldu utan um skráningar. Þrátt fyrir að tölvufærni ykist í öllum leikskólunum þá mátti greina í gögnunum að það skilaði sér ekki alltaf í dýpri ígrundun á samskiptum, námi og vellíðan barnanna. Mögulega skýrist þetta af því að í upphafi hafi notkun á nýrri tækni krafist mikillar einbeitingar þátttakendanna og því ekki fundist rými fyrir ígrundun, að minnsta kosti meðan á gagnaöflun stóð. Þetta bendir til þess að huga þurfi sérstaklega að tækninotkun við skráningar í leikskólastarfi, en ljóst er að notkun spjaldtölva við skráningar hér á landi er orðin algeng (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2017). Jafnframt má halda því til haga að í rannsókn Alvestad og Sheridan (2015) kom fram að notkun tölvutækni í skráningum gæti aukið og stutt við þátttöku barna í þeim.

Í þessari rannsókn var eingöngu í einum leikskólanna minnst á að námssögurnar hefðu verið sýndar börnunum og sá mikilvægi þáttur að sjónarmiðum barna væri komið á framfæri var varla orðaður og lítt sýnilegur í þátttökuleikskólunum. Í Nýja-Sjálandi þar sem námssögurnar voru þróaðar er mikil áhersla lögð á að ígrunda námssögur með börnum (Carr, 2011). Í fyrri rannsóknum um skráningu námssagna á Íslandi kom fram að oftar hefði mátt gefa sér betri tíma fyrir ígrundun og einnig að ígrundun með börnum hefði ekki orðið að viðtekinni venju. Því er áhugavert

viðfangsefni að ræða hvers vegna það virðist vera nokkuð stórt skref fyrir leikskólakennara og leiðbeinendur í þessum rannsóknum að deila og ígrunda námssögur með börnum, sérstaklega í ljósi tilmæla þar um í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) og *Þemahefti um námsmat* í leikskólum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Áskoranir þátttakenda við námssöguskráningar

Áskoranirnar við að skrá námssögur sem þátttakendur í þessari rannsókn þurftu að kljást við fólust meðal annars í því hversu langan tíma þátttakendur þurftu í upphafi til að leita að og velja markmið með skráningunum og hvaða skráningaráðferðir væru vænlegar til notkunar. Einnig voru í mörgum tilfellum gerðar skráningar án þess að eiginleg ígrundun færi fram um það sem skráð var. Í einum leikskólanna var þó allt sem hafði verið skráð, hjá hverju barni og í barnahópi, yfir veturinn tekið saman, ígrundað og útbúin skrifleg samantekt í lok skólaársins, í þeim tilgangi að upplýsingar fylgdu barni við flutning á næstu deild og einnig heim til fjölskyldna þeirra.

Í þáttökuleikskólunum fólst auk þess áskorun í að skipuleggja og finna tíma til að byrja skráningarnar og ekki síður að ná að ígrunda þær. Flestir þátttakendanna gáfu sér ekki nægilegan tíma til að prófa sig áfram, gera mistök og finna lausnir sem hentuðu starfinu í viðkomandi leikskóla, en auk þess náðist allt of sjaldan að ígrunda skráningarnar. Þess í stað fór í sumum leikskólanna nokkur tími í að leita skjótra og auðveldra lausna til þess að skrá námssögurnar og virtist áherslan oft vera á fjölda skráninga fyrir hvert barn frekar en á að skráningarnar veittu upplýsingar sem nýta mætti til þróunar skólustarfsins eða til að mæta barnahópnum og einstökum börnum. Fyrri rannsóknir (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2011; Dahlberg o.fl., 2007) hafa sýnt að ígrundun skráninganna er aðalatriði, þar sem með ígrundun öðlast leikskólakennarar dýpri skilning á því sem fram fer, bæði út frá börnunum og skilningi á eigin starfsáðferðum. Auk þess kom fram í rannsókn Alvestad og Sheridan (2015) að eitt meginmarkmið þátttakenda í þeirri rannsókn var að nýta upplýsingarnar úr skráningum til að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd leikskólustarfsins (Alvestad og Sheridan, 2015).

Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt fólst jafnframt nokkur áskorun í að sumir þátttakendanna sáu ekki gildi þess að skrá námssögur. Þeir upplifðu námssögurnar sem viðbót við nú þegar annasama daga. Þetta viðhorf er skiljanlegt í ljósi þess að í leikskólunum var engu öðru sleppt úr leikskólustarfinu í stað þátttöku í rannsókninni, og í sumum þeirra var ekki heldur áætlaður tími í skipulagi fyrir námssöguskráningarnar. Eins og fram hefur komið í fyrri rannsóknum þá þarf í skipulagi leikskólustarfsins að gera ráð fyrir tíma til að ígrunda og ræða saman í hóp um skráningar og mat (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015).

Lærdómur af þátttöku leikskóla í samstarfsrannsókn

Þátttakendur rannsóknarinnar störfuðu í fimm leikskólum og líta má á hvern þeirra sem sérstakt samfélag með eigin starfsemi og menningu. Verkefnið þróaðist með ólíkum hætti innan þeirra og hafði misjafnlega mikil áhrif.

Við upphaf rannsóknarinnar höfðu liðið fimm ár frá því að nýjasta *Aðalnámskrá leikskóla* kom út en það var árið 2011. Þar var sett fram áhersla á grunnþætti menntunar (náms sviðin) sem mikið hefur verið unnið með í leikskólum. Einnig er til staðar í aðalnámskránni áhersla á *mat á námi* og vellíðan barna, sem var ný við útgáfu hennar. Svo virðist sem að þróun nýrra matsáðferða hafi verið komin styttra á veg í þáttökuleikskólunum, en þróun annarra þátta í núgildandi aðalnámskrá. Mögulega gæti það skýrt hversu misvel þátttakendum tókst að tileinka sér það markmið verkefnisins að þróa annars konar matsáðferðir og útskýrt að hluta til hvers vegna það var frekar seint í gang.

Eins og fram kemur í gögnum rannsóknarinnar var tímarammi þessarar starfendarannsóknar of þröngur, að minnsta kosti framkvæmdahlutinn sjálfur, en hann náði yfir eitt skólaár. Jafnframt

má segja hið augljósa að „góðir hlutir gerast hægt“. Engu að síður vakna spurningar um hvort aðstæður í íslenskum leikskólum séu sérlega erfiðar nú um stundir og að það kalli meðal annars á að leikskólakennarar og leiðbeinendur leiti aðallega að matsaðferðum sem eru „auðveldar og öruggar“ eins og einn þátttakenda tjáði sig um í viðtali.

Í þátttökuleikskólunum urðu námssöguskráningarnar viðbót við það mat sem fyrir var, sem skýrir að hluta hvers vegna erfitt reyndist að finna tíma fyrir námssöguskráningar. Andstæður hugmyndagrúnnur þeirra matsaðferða sem fyrir voru í leikskólunum og námssöguskráninga getur að hluta til hafa haft áhrif á hvernig tókst að innleiða námssöguskráningar, sérlega í þeim tveimur leikskólum þar sem áhrifin voru minnst. Jafnframt má ætla að þær andstæður sem fram komu milli þess sem allir þátttakendur leikskólanna töldu mikilvægt að börn lærðu og þeirra matsaðferða sem í upphafi var stuðst við í þátttökuleikskólunum hafi mögulega seinkað þróun nýrra starfshátta hvað varðar mat. Þær matsaðferðir sem stuðst var við í leikskólunum við upphaf rannsókna og haldið var áfram að nota, meðan á rannsókninni stóð, tengjast hefðbundnu námsmati (Brooker, 2008), þar sem lögð er áhersla á að meta hvort börn geti sýnt fram á að þau hafi tileinkað sér ákveðna þekkingu eða náð tilteknum þroska. Námssöguskráningar sem matsaðferð teljast vera barnvænt mat (Brooker, 2008), fela í sér að skrá hvað börn eru fær um að gera í samvinnu við aðra og að börn séu þátttakendur í mati sem með því móti felur í sér sjónarmið barnanna sjálfra. Velta má fyrir sér hvort þessar andstæður séu einfaldlega ekki of miklar svo unnt sé að skipuleggja samhliða mat sem byggir á þessum andstæðu hugmyndum.

Halda ber því til haga að það að skrá námssögur er ekki einfalt og auðvelt. Þvert á móti má vísa til ummæla Carr (2001) sem sagði að til að meta flókið og fjölbreytt nám sem fram fer í félagslegu samhengi dygðu engar einfaldar aðferðir. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að *mat á námi* í þátttökuleikskólunum byggði í upphafi á matsaðferðum sem flestar gengu út á leit að því sem börn voru ekki fær um að gera, í þeim tilgangi að geta kennt þeim þá þætti. Námssöguskráningum er hins vegar ætlað að byggja á styrkleikum barna og styðja þau þannig í að þróa þekkingu sem vekur áhuga þeirra.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að í sumum tilvikum urðu foreldrar þátttakendur í skráningum þar sem þeir fengu upplýsingar úr matinu, til dæmis í ferilmöppum og var boðið upp á samræður og jafnvel ígrundun á námssögum barna sinna. Jafnframt kom fram að einhverjir foreldrar skráðu námssögur heima. Þátttaka barnanna var hins vegar afar lítil í þessum fimm leikskólum, að frátöldum einum leikskóla þar sem skráningar barnanna voru þeim aðgengilegar. Augljóslega þarf að huga betur að þátttöku barna í mati á eigin námi í þessum leikskólum.

Lokaorð

Á lokastigum rannsóknarinnar var lögð áhersla á að meistaranemar og háskólakennarar kynntu niðurstöður hennar og kæmu á framfæri nýrri þekkingu í leikskólasamfélagið svo fleira fagfólk gæti notið góðs af reynslunni. Kynningar voru meðal annars í formi erinda á ráðstefnum. Hópurinn hélt kynningu í sameiginlegri málstofu á ráðstefnu EECERA-samtakanna í Búdapest í ágúst 2018 og á Menntakvikunni í október 2018. Að auki rituðu meistaranemar og háskólakennarar greinar til birtingar í þessu sérriti Netlu.

Þó þessi rannsókn hafi einkum snúið að starfi leikskólakennara og leiðbeinenda í leikskólum er aldrei of oft ítrekað að börn og foreldrar eiga að vera þátttakendur í mati í leikskólastarfi. Eitt af markmiðum skráninga er að fá fram sjónarmið allra aðila í lífi barna og einn þáttur þess er að foreldrar eigi aðild að því lærdómssamfélagi sem leikskólum er ætlað að vera. Auk þess hafa sjónarmið þeirra sem koma að ytri stjórnun leikskóla, til dæmis af hálfu sveitarfélaga og íslenskir stefnumótunaraðilar, vægi þegar kemur að mati á leikskólastarfi.

Ítreka ber að annars konar námsmat, svo sem námssöguskráning, virðist lítið þróuð í flestum þátttökuleikskólanna. Námssöguskráningar þarf að skipuleggja út frá því hvenær og hvernig ber að vinna að þeim. Eins og kom fram í rannsókninni má benda á nokkur mikilvæg atriði.

Það sem þarf að huga að við námssöguskráningar:

- Æskilegt er að skráningar í leikskólum séu samofnar öllu starfi leikskólans
- Styrkleikar barna og vellíðan ættu að vera í forgrunni þegar skráð er
- Ígrundun allra aðila er lykilatriði, það er leikskólakennara, leiðbeinenda, barna og foreldra
- Gera þarf ráð fyrir tíma fyrir ígrundun og úrvinnslu námssagna

Með þátttöku bæði leikskólakennara og leiðbeinenda getur námssöguskráning reynst valdeflandi fyrir báða aðila en ekki síst fyrir leiðbeinendur. Með því móti þróast leikskólastarfið enn frekar í þá átt að vera lærdómssamfélag en í þessari rannsókn kom fram gildi þess að skipuleggja samstarfsrannsókn í þeim tilgangi að vinna að breytingum í leikskólastarfi.

Sérstaða í íslenskum leikskólum felst í samsetningu starfsmannahópsins, þar sem eingöngu um einn þriðji hluti starfsfólks er leikskólakennarar. Tveir þriðju hlutar starfsfólksins eru leiðbeinendur sem hafa afar misjafnan bakgrunn, en búa að öllu jöfnu ekki yfir sérþekkingu á sviði menntunarfræði ungra barna. Ekki er þetta hlutfall aðeins í misræmi við lög, þar sem kveðið er á um að tveir þriðju hlutar starfsfólks leikskóla eigi að vera leikskólakennarar, heldur getur reynst flókið að veita leiðbeinendum handleiðslu til að geta starfað samkvæmt stefnumótun um leikskólastarf. Lögum samkvæmt ber leikskólum að meta nám og vellíðan barna og er þessi rannsókn liður í þeirri vegferð að þróa matsaðferðir í anda *aðalnámskrár leikskóla*.

Að lokum má geta þess að meistaranemarnir töldu sig hafa dýpkað þekkingu sína á námi og vellíðan barna, þá sérstaklega varðandi námssöguskráningar. Þeir lærðu að halda utan um starfendarannsókn og stýra henni áfram með því að styðja við þátttakendur. Þeir sögðust hafa lært mikið af þátttökunni, meðal annars hefði hún eftt þá sem rannsakendur. Þeir fundu líka í gegnum ferlið hversu mikilvæg ígrundunin var og sérstaklega hversu gefandi var fyrir þá sú sameiginlega úrvinnsla (meistaraneima og háskólakennara) sem þeir tóku þátt í, ásamt kennurum sínum. Einn meistaranemanna komst svo að orði: „Við lærðum að lítil skref geta engu að síður verið skref í rétta átt.“

Assessing learning and well-being. Collaborative action research in five preschools

The article reports on collaborative action research conducted jointly between RannUng (Centre for Research in Early Childhood Education) and five preschools in municipalities in the Reykjavík area. The aim of this action research was to develop methods to assess children's learning and well-being as stated in the National curriculum guide (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) [Ministry of Education, Science and Culture 2011 (2012)]. According to the National curriculum, varied assessment methods should be used in relation to the curricular aims. Children should be participants in the assessment and supported in reflecting on their own learning. Also, preschool teachers are expected to share and reflect on assessment together with parents. Therefore, a collaborative action research project was planned, for the purpose of assisting preschool teachers and assistant teachers in creating methods to capture children's interest and activities in order to develop assessment practices that would reveal children's learning and well-being in their play and interaction. Another aim was to share with families insights into children's lives in the preschools and to use this information to improve preschool practice.

During the first steps of the research project, preschool teachers and assistant teachers explored their own perspectives of children and their learning and mapped existing preschool assessment methods. As the participants regarded social skills and children's well-being as the most important factors in preschools, they came to the conclusion

that documentation might help to provide insight into children's ways of interacting; their ideas, creative powers and well-being. Consequently, the participants acquainted themselves with documentations, starting by practicing documenting Learning Stories developed in New Zealand as an assessment method. According to the action research design the participants in each preschool chose and developed ways of documenting, focusing on how to make documentations and use the information for assessment in relation to the school curriculum in each of the five preschools. Master students' role in this collaboration was to support the process in the preschools, conduct interviews and make observations, guided by the university teachers through the entire process. The students also consulted the preschool teachers and assistant teachers as they took part in writing about the study and presenting its findings.

The analysis built on data from interviews with participants in the preschools, research diaries and observations from all participants. The results showed that in the beginning there was a discrepancy between what the participants in the preschools saw as important to address in preschool education and the assessment methods used in the preschools. The social situation in each of the five preschools was different and thus the process of the project reflected different learning paths.

Through the process of the research, in all five preschools, a change of attitudes was detected among the participants, not least amongst the assistant teachers. For them, taking part in this process seemed to be educational, they became stronger in their role as assistant teachers and acquired a deeper understanding of children's interactions when playing and taking part in other activities. The preschool teachers and assistant teachers started to focus their attention towards what was of interest to the children and children's views became more visible in the preschools. In some of the preschools the use of documentations became part of assessing children's learning and well-being. However, reflection as an important part of documentation was lacking or weak in some of the preschools. The participants in two preschools used more digital technology than the others, and even though there were some challenges in the beginning they praised these tools as easy to use and suitable for organizing all the different forms of data from the documentations. It has to be acknowledged that in these two preschools the space for reflection was rather scarce at the time of the study. In two of the preschools information from the learning stories had only been used to a small extent to change the preschool plan. In the other three preschools, not only had new assessment practices been adopted, but also rules within the classrooms and the preschools as a whole were changed.

What we have first and foremost learned from this collaborative action research project is that many challenges arise in relation to both collaborative action research and developing methods to assess children's learning and well-being. It needs to be taken into account that not only have both parents and children the right to take part in assessment in preschools, they can also be important participants in the Learning Story process. Furthermore, it needs to be underlined that in Learning Stories and other types of documentation it is recommended that documenting should be integrated into all parts of preschool practice.

Key words: Preschool, assessing learning and well-being, Learning Stories, participation and collaborative action research

Um höfundana

Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is) er dósent í menntunarfræði ungra barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kennsla hennar og rannsóknir snúa að ígrundun og fagþróun leikskólakennara, þátttöku barna í leik og námi, börnum sem áhrifavöldum í eigin lífi og lýðræðislegu leikskólastarfi. Auk þess hefur hún fjallað um námssöguskráningar og mat í leikskólastarfi. Hún er forstöðukona RannUng og hefur tekið þátt í nokkrum samstarfsrannsóknaverkefnum.

Margrét Sigríður Björnsdóttir (margreb@hi.is) er aðjúntk á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og verkefnisstjóri hjá RannUng. Hún lauk grunnskólakennaraprófi frá KHÍ 1989 og M.Ed.-prófi frá Háskólanum í Reykjavík 2009 í stærðfræði og kennslufræði stærðfræðinnar. Margrét hefur starfað bæði í leik- og grunnskóla.

Sara M. Ólafsdóttir (saraola@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sara lauk doktorsnámi í febrúar 2019 en rannsókn hennar fjallaði um leik út frá sjónarmiði barna. Samhliða doktorsnáminu hefur hún tekið þátt bæði í innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi, meðal annars um vellíðan barna, leik og nám barna og samfellu í skólastarfi. Sara hefur skrifað töluvert af greinum og bókarköflum um efnið.

About the authors

Dr. Kristín Karlsdóttir (krika@hi.is) is an associate professor in early education at the Faculty of Education, University of Iceland. Her teaching and research touches upon preschool teachers' reflections and professional development, children's participation in play and learning, and children's agency and democracy in preschools. Furthermore, she works with Learning Stories, documentation and assessment in preschool education. Currently she is the head of the research center in early education and has taken part in several collaborative action research projects.

Margrét Sigríður Björnsdóttir (margreb@hi.is) works as an adjunct at the School of Education, University of Iceland and is a project manager at RannUng. She completed her B.Ed. in primary school teaching in 1989 and an M.Ed. in math and pedagogy of math from the University of Reykjavík in 2009. She has worked both as a preschool teacher and as a teacher in primary school.

Dr. Sara M. Ólafsdóttir (saraola@hi.is) is a lecturer at the University of Iceland, School of Education. Her research focus has mainly been on with children in Icelandic preschools. Sara has written articles and book chapters about children's perspectives on play, the transition from preschool to primary school and children's well-being. She has been involved in national and international research projects connected to children's play and learning, transitions from preschool to primary school, and well-being.

Heimildir

- Alvestad, T. og Sheridan, S. (2015). Preschool teachers' perspectives on planning and documentation in preschool. *Early Child Development and Care*, 185(3), 377–392. doi:10.1080/03004430.2014.929861
- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 35–53). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Brooker, L. (2008). *Supporting transitions in the early years*. Maidenhead: McGraw-Hill.
- Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2012). Skráning námssagna. Sjónarhorn barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 99–119). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood settings: Learning stories*. London: Paul Chapman.
- Carr, M. (2011). Young children reflecting on their learning: Teachers' conversation strategies. *Early Years*, 31(3), 257–270. doi:10.1080/09575146.2011.613805
- Carr, M. (2014). Play and playfulness: Issues of assessment. Í L. Brooker, M. Blaise og S. Edwards (ritstjórar), *The Sage handbook of play and learning in early childhood* (bls. 264–276). London: Sage.
- Carr, M. og Lee, W. (2012). *Learning stories. Constructing learner identities in early education*. Los Angeles: Sage.
- Carr, M. og Lee, W. (2019). *Learning stories in practice*. Los Angeles: Sage.
- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2007). *Beyond quality in early childhood education and care: Languages of evaluation* (2. útgáfa). London: Routledge.
- Daniels, K. (2011). Supporting the development of positive dispositions and learner identities: An action research study into the impact and potential of developing photographic learning stories in the early years. *Education*, 41(3), 300–315. doi:10.1080/03004279.2011.582846
- Davis, K., Wright, J., Carr, M. og Peters, S. (2013). *Key competencies, assessment and learning stories: Talking with teachers and students*. Wellington: NSCER Press.
- Giudici, C., Rinaldi, C. og Krechevsky, M. (2001). *Making learning visible: Children as individual and group learners*. Cambridge, MA: Project Zero og Reggio Children.
- Hord, S. og Tobia, E. F. (2012). *Reclaiming our teaching profession: The power of educators' learning in community*. New York: Teacher College Press.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikskólastarf af sjónarhóli foreldra. *Uppeldi og menntun*, 19(1–2), 9–31. Sótt af https://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5283263
- Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Leikskóli og grunnskóli á sömu leið. Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið: Tengsl milli leikskóla og grunnskóla* (bls. 11–35). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2019). Much changes, much remains the same: Icelandic parents' perspectives on preschool education. *Journal of Early Childhood Research*, 17(3), 220–232. <https://doi.org/10.1177%2F1476718X19849293>
- Kampmann, J. (2004). Societalization of childhood: New opportunities? New demands? Í H. Brembeck, B. Johansson og J. Kampmann (ritstjórar), *Beyond the competent child: Exploring contemporary childhoods in the Nordic welfare societies* (bls. 127–152). Frederiksberg: Roskilde Universitetsforlag.
- Koshy, V. (2010). *Action research for improving practice: A practical guide*. London: Sage.
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2015). Námssögur: Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/008.pdf>
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2016). *Leikum, lærum, lifum*. Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2008). Námssögur. Styrkleikar og færni leikskólubarna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 133–153). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2010). Exploring children's learning stories as an assessment method for research and practice. *Early Years*, 30(3), 255–266. doi:10.1080/09575146.2010.506431
- Löfgren, H. (2016). A noisy silence about care: Swedish preschool teachers' talk about documentation. *Early Years*, 36(1), 4–16. doi:10.1080/09575146.2015.1062744
- Mac Naughton, G. og Hughes, P. (2009). *Doing action research in early childhood studies: A step by step guide*. Maidenhead: Open University Press.
- Mayall, B. (2003). *Sociologies of childhood and educational thinking*. London: Institute of Education.
- McNiff, J. (2010). Supporting teachers personally and professionally in challenging environments. (1), 1–15. Sótt af <https://dergipark.org.tr/en/pub/tojqi/issue/21388/229332>

- McNiff, J. (2013). *Action research: Principles and practice*. (3rd ed.). London: Routledge, Taylor & Francis Group.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Sótt af <https://vinnuvefur.namskra.is/wp-content/uploads/2010/10/N%C3%A1msmatshefti-fyrir-leiksk%C3%B3la.pdf>
- New Zealand Ministry of Education. (1996). *Te Whāriki. He Whāriki mātauranga mō ngā mokopuna o Aotearoa: Early childhood curriculum*. Wellington, NZ: Ministry of Education.
- New Zealand Ministry of Education. (2017). *Te Whāriki. He Whāriki mātauranga mō ngā mokopuna o Aotearoa: Early childhood curriculum*. Sótt af www.education.govt.nz/assets/Documents/Early-Childhood/Te-Whariki-Early-Childhood-Curriculum-ENG-Web.pdf
- Oliveira-Formosinho, J. og de Sousa, J. (2019). Developing pedagogic documentation: Children and educators learning the narrative mode. Í J. Formosinho og J. Peeters (ritstjórar), *Understanding pedagogic documentation in early childhood education. Revealing and reflecting on high quality learning and teaching* (bls. 32–51). London: Routledge.
- Peters, S. (2009). Responsive, reciprocal relationships: The heart of the Te Whāriki curriculum. Í T. Papatheodorou og J. Moyles (ritstjórar), *Learning together in the early years: Exploring relational pedagogy* (bls. 23–32). London: Routledge.
- Prout, A. (2011). Taking a step away from modernity: Reconsidering the new sociology of childhood. *Global Studies of Childhood*, 1(1), 4–14. doi:10.2304/gsch.2011.1.1.4
- Prout, A. og James, A. (2015). A new paradigm for the sociology of childhood? Provenance, promise and problems. Í A. James og A. Prout (ritstjórar), *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (bls. 6–18). London: Routledge.
- Qvortrup, J. (2009). Childhood as a structural form. Í J. Qvortrup, W. A. Corsaro og M.-S. Honig (ritstjórar), *The Palgrave handbook of childhood studies* (bls. 21–33). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Rinaldi, C. (2005). Documentation and assessment: What is the relationship? Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (ritstjórar), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 29–49). Bristol: Policy Press.
- Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Vellíðan barna í leikskóla – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lífum. Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 31–54). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). *Skýrsla starfshóps: Upplýsingatækni í leikskólasterfi*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/130_5.1_ut_leikskolar_nov2017.pdf
- Svava Björg Mörk og Rúnar Sigþórsson. (2011). Samfélag jafningja: Uppbygging lærdómssamfélags í leikskóla. *Tímarit um menntarannsóknir*, 8(1), 38–59. Sótt af <https://ojs.hi.is/tum/article/view/2071/1060>



Kristín Karlsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir. (2020). Mat á námi og vellíðan barna. Lærdómur af samstarfsrannsókn í fimm leikskólum. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2020/mat_nam_vellidan_barna_leikskoli/01.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.1>